

Verklagsreglur vegna afhendingar menningarviðurkenninga Grindavíkurbæjar

- 1.gr. Grindavíkurbær veitir árlega viðurkenningar á sviði menningarmála, þ.e. menningarverðlaun Grindavíkur og hvatningarverðlaun Grindavíkur. Hlutverk verðlaunanna er að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og listastarfs í sveitarfélaginu.
- 2.gr. Menningarverðlaun Grindavíkur skulu veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar.
- 3.gr. Frístunda- og menningarnefnd auglýsir eftir umsóknum og/eða óskar eftir rökstuddum ábendingum um verðlaunahafa í janúar ár hvert. Auglýsingin skal birtast á heimasíðu Grindavíkurbæjar.
- 4.gr. Ákvörðun um verðlaunahafa skal tekin af frístunda- og menningarnefnd. Nefndin skal leitast við að komast að einróma niðurstöðu um veitingu verðlaunanna.
- 5.gr. Veita má fleiri en einum aðila menningarverðlaun í hvert sinn, telji nefndin að fleiri en einn hafi skarað fram úr og þannig verðskuldað verðlaunin það ár. Á sama hátt má fella niður verðlaunaveitingu komist nefndin að þeirri niðurstöðu að enginn aðili hafi unnið til þeirra.
- 6.gr. Afhending menningarverðlauna fer fram fyrsta laugardag eftir 10. apríl eða 10. apríl ef dagurinn lendir á laugardegi. Sé 10. apríl laugardagur fyrir páskadag skulu verðlaunin afhent viku síðar.
- 7.gr. Frístunda- og menningarnefnd áskilur sér rétt til að verðlaunahafar leyfi Grindvíkingum að njóta vinnu sinnar a.m.k. einu sinni á því ári sem hann ber nafnbótina sveitarfélaginu að kostnaðarlausu, t.d. með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félög bæjarins, skóla, eldri borgara og/eða aðra þá sem fram koma í Grindavík. Sveitarfélagið útvegar viðeigandi húsnæði ef þörf er á.
- 8.gr. Tónlistarskóla Grindavíkur er heimilt að tilnefna einn ungling af hvoru kyni sem hlýtur svokölluð hvatningarverðlaun Grindavíkur. Verðlaunahafar skulu hafa sýnt áhuga á menningarmálum, góða ástundun, góða hegðun, vera góður félagi og teljast góð fyrirmynd annarra unglinga. Lágmarksaldur er 13 ára á árinu sem valið nær til, hámarksaldur er 16 ára á árinu.
- 9.gr. Grindavíkurbær afhendir handhöfum verðlaunanna viðurkenningu til minningar um val þeirra.

Samþykkt á fundi frístunda- og menningarnefndar Grindavíkurbæjar x. xxx 2019

Samþykkt á fundi bæjarráðs Grindavíkur xx. xxx 2019